



## Reglur um stuðning vegna dreifnáms veturinn 2014-2015

---

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur sett neðangreindar reglur til stuðnings nemendum í dreifnámi FNV á Blönduósi.

### **1. gr. Almenn skilyrði og skilgreiningar**

Eingöngu nemendur sem stunda reglubundið nám við dreifnám FNV á Blönduósi og eiga lögheimili á Skagaströnd geta sótt um stuðning þann sem tilgreindur er í reglunum.

Nemandi telst stunda reglubundið nám til fullnustu a.m.k. 12 eininga námi á önn sem telst hluti af skipulögðu námi dreifnámi FNV á Blönduósi sem skólinn staðfesti með ástundunarvottorði. Ef námi er ekki lokið vegna veikinda skal skóli staðfesta móttöku á fullgildu læknisvottorði.

### **2. gr. Kostnaðarþátttaka**

Kostnaðarþátttaka sveitarfélagsins byggist á því sjónarmiði að styðja þurfi við ferðir nemenda sem stunda námið frá heimili sínu á Skagaströnd eða hafa búsetu á Blönduósi virka daga enda er litið á dreifnámið sem nám í heimabyggð.

Kostnaðarþátttaka nemi 40.000 kr á önn fyrir hvern nemanda.

### **3. gr. Greiðslufyrirkomulag og umsóknafæri**

Umsóknafestur um kostnaðarþátttöku samkv. reglugerð þessari skal vera til 1. desember vegna haustannar og til 1. maí vegna vorannar.

Greiðslur vegna haustannar verða framkvæmdar fyrir 15. desember vegna haustannar og fyrir 15. maí vegna vorannar. Enda liggja fullnægjandi gögn fyrir.

### **4. gr. Gildistaka**

Reglur þessar taka nú þegar gildi og er virkar fyrir haustönn 2014 og vorönn 2015.

**Samþykkt á sveitarstjórnarfundum, 12. september 2014**

**Sveitarstjóri**